

□

- Föstudagur 24. Júlí
- **Veðrið:**
- allt til enda veraldar.

- [Eldri Nei.](#)
- Search for:

[Forsíðugrein](#)

24. júl 2009

„Vinstri“ telst nú aftur trúvilla

Herinn við forsetahöllina, 28. júní 2009.

Þann 28. júní 2009 var framið valdarán í Hondúras, þegar herinn handtók Manuel Zelaya, forseta. Zelaya hafði sýnt viðleitni til ýmissa umbóta, meðal annars í samstarfi við Hugo Chavez í Venesúela. Roberto Micheletti, íhaldsamari meðlimur sama stjórn málaflakks, var settur í embætti í stað Zelaya. Þetta er fyrsta valdaránið í mið-Ameríku frá því kalda stríðinu svonefnda lauk. Ríkisstjórn Baracks Obama fordæmir valdaránið og viðurkennir Zelaya enn sem forseta. Hugo Chavez tekur dýpra í sömu ár og segist munu merja valdaránið.

Vicent Boix frá Níkaragva er höfundur bókarinnar *El parque de las hamacas (Garður hengirúmanna)*. Hann birti þetta áhugaverða viðtal við hondúrsku blaðamanninn Rubén Escobar í spænska vefritinu *Escolar.net*. Viðtalið var tekið 2. júlí síðastliðinn en þótt nokkuð sé um liðið þá gefur það ágæta mynd af atburðunum í Hondúras.

Manuel Zelaya, forseti Hondúras, nú í útleið.

Við erum komin aftur til þess tíma þegar það að vera til „vinstri“ jafngilti trúvillu

Í ljósi hinna sorglegu atburða sem urðu í lýðveldinu Hondúras tók ég netviðtal við blaðamanninn Rubén Escobar. Hann gegnir sem stendur starfi fréttastjóra við dagblaðið *Diario Tiempo* sem gefið er út í San Pedro Sula, annarri mikilvægustu borg landsins á eftir höfuðborginni Tegucigalpa. Hondúras er land sem lítið fréttist af í Evrópu. Fæstir hafa þekkt nafn forseta landsins, José Manuel Zelaya Rosales, eða Mel eins og hann er kallaður, og enn færri þekktu til starfa hans í embætti þjóðhöfðingja. Þetta breyttist fyrir nokkrum dögum þegar hann varð fórnarlamb skammarlegs valdaráns sem komst á forsíður alþjóðlegra fréttamiðla og hefur vakið harðari viðbrögð en áður hafa þekkt á þessu svæði.

Hver var Manuel Zelaya áður en hann náði kjöri sem forseti? Fyrir hvaða flokk bauð hann sig fram í kosningunum?

„José Manuel Zelaya Rosales er sonur landeiganda sem nú er látinn og móðir hans var kennslukona. Hann ólst upp í sveitahéraði sem heitir Olancho; þaðan kemur vani hans að ganga með Stetson-hatt, bændahöfðingjalegt yfirbragð hans og ást hans á hestum en hann hefur stýrt hestasýningum í mörgum borgum landsins og í Níkaragva.

Faðir hans tók á 8. áratugnum þátt í samsæri þar sem nokkrir meðlimir kaþólsku kirkjunnar og

einstaklingar á vinstri vængnum voru myrtir og því kom það mörgum á óvart þegar hann hóf öllum að óvörum að halla sér að sósíalisma. Þessi atburður er þekktur í sögu landsins sem „la masacre de los Horcones“ (Horcones-morðin), en það er nafnið á búgarði fjölskyldu Zelaya.

Sumir andstæðingar hans hafa bent á að „Mel“ [Zelaya] hafi, þá ungur maður, verið ökumaður einnar af bifreiðunum þegar þessum einstaklingum var rænt og þeir látnir „hverfa“, en aldrei hefur tekist að sanna það. Og þótt faðir hans hafi verið sakfelldur var hann síðar náðaður og sat aldrei í fangelsi.

Þegar landinu var snúið aftur til „lýðræðis“ (þannig, innan gæsalappa) árið 1981 tók hann þátt í starfi flokksins *Partido Liberal* (frjálslyndi flokkurinn) og aðstoðaði aðra frambjóðendur við að ná kjöri, þar til Carlos Flores Facussé, forseti, útnefndi hann árið 1998 sem stjórnanda *Fondo Hondureño de Inversión Social* (félagslegur fjárfestingasjóður Hondúras, stofnun sem sér um byggingu skóla, leikvalla, vatnsveitna og annarra innviða í fátækustu landshlutunum).

Af flokksþingi Partido Liberal

Hann lét af embætti þegar hann hugðist hefja undirbúning undir framboð sitt til forseta, og bauð sig fram 2005 og vann nauman sigur á Porfirio Lobo Sosa, frambjóðanda *Partido Nacional* (þjóðarflokknum). Þótt margir kalli hann verkfræðing lauk hann aðeins 11 fögum í byggingarverkfræði í *Universidad Nacional Autónoma* í Hondúras, því hann var lélegur nemandi.“

Þrátt fyrir að vera í forystu í hefðbundnum hægriflokki þá færði Mel sig fljótlega til vinstri og gekk jafnvel svo langt að ganga í ALBA [Alianza Bolivariana para los Pueblos de Nuestra América, samtök sem vilja stuðla að félagslegri, pólitískri og efnahagslegri samvinnu þjóða Suður-Ameríku og við Karabíska hafið og þykja hafa talsverða vinstri slagsíðu.] Er hægt að sjá einhverjar forsendur fyrir því að Mel sliti á íhaldssamar rætur Partido Liberal og gripi til prógressívra, þjóðernislegra pólitískra aðgerða?

„Í upphafi benti ekkert til þessa undarlega umsnúnings, þótt hann hafi að vísu unnið mikið með einstaklingum í *Partido Liberal* sem á yngri árum tóku þátt í vinstrihreyfingum stúdenta, eins og Patricia Rodas (utanríkisráðherra), Milton Jiménez Puerto (fyrirverandi utanríkisráðherra sem herinn handtók á 9. áratugnum, þegar hann var við nám í háskóla, fyrir að vera „kommúnisti“) og Jorge Arturo Reina (sem veitti á 6. áratugnum forystu fyrir hópi sem barðist gegn valdaráni hersins og sem Zelaya útnefndi sendiherra Hondúras til SP).

Hugo Chavez og Manuel Zelaya.

Allt bendir til þess að hann hafi fært sig til vinstri af efnahagslegum ástæðum þótt ekki sé hægt að útiloka áhrif ofangreindra einstaklinga. Samkvæmt hans eigin yfirlýsingum hafði hann reynt að leita aðstoðar fjármálastofnana og Washington og fékk engan stuðning en fann opnar dyr hjá Hugo Chávez á þeim tíma þegar olíuverð náði hámarki á heimsmarkaði. Upprunalegi samningurinn fól í sér að Venesúela seldi okkur olíu á markaðsverði, ríkisstjórnin staðgreiddi 60 sent af hverjum dollar af raunvirðinu en fékk hin 40 sentin að láni og voru þau lögð í félagslegan sjóð. Þetta lán var til 25 ára á 1,5% vöxtum, sem þóttu prýðiskjör.

Að lokum komu ALBA og í gegnum þau samtök bauð Chávez hundrað traktora og meiri peninga til láns. Traktorarnir komu fyrir nokkrum mánuðum en liggja enn óhreyfðir og lánin hafa ekki enn sést, fyrir utan olíusjóðinn en ekki er vitað hvar hann er né hvernig honum hefur verið ráðstafað.“

Svo við snúum okkur aftur að fyrri spurningu, þá spyrja mörg okkar sig að því hvort ríkisstjórn Zelaya forseta hafi gert áþreifanlegar og raunverulegar pólitískar breytingar í þá átt að auka jöfnuð og réttlæti í þjóðfélaginu eða hvort þetta sé allt í orði en ekki á borði. Hafa verið gerðar raunverulegar umbætur í Hondúras undir forsæti Mel? Gætirðu nefnt einhver dæmi um slíkar breytingar?

„Að mínu viti hafa ekki verið gerðar róttækar breytingar, en þó hafa verið teknar umdeildar ákvarðanir sem sköðuðu samskipti hans við atvinnurekendur, íhaldssama stjórnámamenn og dómskerfið. Í því sambandi má nefna að þegar olíuverð var mjög hátt hóf ríkisstjórnin undirbúning að uppboði á eldsneyti og réð til þess bandarískan ráðgjafa (Robert Meyeringh), en ekki tókst að framkvæma þá áætlun þar sem ríkisstjórnin átti engar geymslur undir eldsneyti og þegar reynt var að taka geyma fyrirtækisins *Distribuidora de Productos de Petróleo S.A.* (Dippsa) eignarnámi tapaðist málið fyrir dómstólum. Þetta var eitt af því sem leiddi til versnandi samskipta við atvinnurekendur og dómskerfið.

Fátækrabyggð í Hondúras.

Síðar reyndi hann að setja reglur um umferð ökutækja til að draga úr eldsneytisnotkun en dómsúrskurður hindraði hann sömuleiðis í því á þeim forsendum að það drægi úr ferðafrelsi.

Ein þeirra aðgerða sem setti atvinnurekendur í uppnám var þegar lágmarkslaun voru hækkuð um 60% í janúar á þessu ári og olli flóðbylgju mótmæla atvinnurekenda auk þess ýmsir fréttamiðlar gerðu sér mat úr þessu og hófu herferðir gegn aðgerðinni sem varð aðeins til þess að styrkja forsetann meðal kjósenda, sem flestir eru fátækir. Hann lenti því í árekstrum við atvinnurekendur og eigendur fjölmiðla, nokkuð sem fyrri forsetar lentu aldrei í.

Þar með taldist hann til „hinna skyrtulausu“ [„los descamisados“, stundum haft í Suður-Ameríku um þá sem ekkert eiga og standa uppi í hárinu á valdaklíkunni.] og þótt margir hafi ekki trúað orðum hans kunnu þeir því þó vel að hafa „forseta sem berst gegn valdamikilli fámennisklíku þessa lands“ eins og hann kallaði það.“

Læknir á vegum Operation Milagro, átaks kúbanskra stjórnvalda til að gera augnaðgerðir á blindum og sjöndöprum íbúum Suður-Ameríkuríkja.

Ég spjalla af og til við níkaragska vinkonu mína sem ég vinn með í samvinnuverkefnum í landinu. Frá því Daniel Ortega náði kjöri sem forseti Níkaragva hefur hún fylgt fjölda fólks til Kúbu til að gangast undir augnaðgerðir, innan hinnar svokölluðu „Operación Milagro“ (kraftaverkaáætlunin). Hvaða kosti hefur það haft í för með sér fyrir Hondúras að ganga í ALBA?

„Sannleikurinn er sá að kúbönsk aðstoð og „Operación Milagro“ [„Kraftaverkaáætlunin“], sem Venesúela tekur einnig þátt í, kom til Hondúras allnokkru áður en Hondúras gekk í ALBA. Kúbanskar hjálparveitir hafa verið í landinu frá því fellibylurinn Mitch reið yfir í október 1998, þegar landið var rústir einar. Kúbanskir læknar eru þekktir fyrir að komast á afskekkt staði sem hondúrskir starfsbræður þeirra komust ekki á, og því er þakklæti í þeirra garð talsvert á meðal fólks. Auk þess hefur Kúba veitt fjölda fátækra námsstyrk til að nema við *Escuela Latinoamericana de Medicina* (suðurameríska læknaskólann) í Havana, og Venesúela hefur veitt hundruðum manna tækifæri á að fara í augnaðgerðir innan áætlunarinnar „Operación Milagro“. Hondúrskir leiðbeinendur hafa kennt þúsundum ólæsra að lesa, sérstaklega bændum, undir handleiðslu kúbanskra ráðgjafa.

Þrátt fyrir þetta eru kostirnir við þátttöku í ALBA ekki enn á hreinu því landið hefur ekki verið lengi innan þess kerfis. En traktorarnir hundrað frá Venesúela eru komnir til landsins og búið er að leggja lánið í sjóð. Væntanlega verður það notað til félagslegra verkefna sem ríkisstjórn Zelaya hafði ekki lokið við að skilgreina, því á þessum tíma árs var ekki búið að ljúka við fjárlagagerð fyrir 2009.“

Hondúraska borgarastéttin, þingmennirnir, herinn o.s.frv. voru á móti aðgerðum ríkisstjórnarinnar og Mels. Þjóðaratkvæðagreiðslan sem hafði það að markmiði að koma á fót stjórnlagapíngi sem kæmi á nýrri stjórnarskrá varð dropinn sem fyllti mælinn og vakti andstæðinga hans af blundi. Sagði forsetinn hvaða umbætur hann ætlaði að gera á stjórnarskránni ef stjórnlagapíngið yrði að veruleika?

„Hann sagði alltaf að hann hefði ekki hugsað sér að bjóða sig fram til endurkjörs og myndi láta af embætti í janúar 2010 eins og lög gera ráð fyrir. Þjóðþingið getur þó breytt hondúrsku stjórnarskránni og í henni eru einungis átta greinar sem ekki má hrófla við. Þær hafa með stjórnun ríkisins að gera, þ.á m. kjörtímabil forseta. Þessar greinar kallast „pétreos“ (höggnað í stein) því ekki má breyta þeim nema með stjórnlagabingi, og því má draga þá ályktun að hann hafi viljað skapa sér þær aðstæður að geta boðið sig aftur fram. Auk þess eru til staðar fordæmi frá öðrum löndum innan ALBA sem breyttu stjórnarskrám sínum til að leyfa endurkjör.“

Það er ekkert leyndarmál að Mel er einangraður, jafnvel meðal þingmanna eigin flokks. Auk þess lýkur kjörtímabili hans eftir nokkra mánuði og hann getur ekki verið endurkjörinn. Staða hans er veik og dagar hans í pólitísku embætti eru taldir. Telur þú að Mel hugsi sér að stofna pólitískt afl sem gæti komist til valda í framtíðinni?

„Það tel ég, að því gefnu að stjórnarskráin leyfir efnahagslegar og félagslegar umbætur, en ekki pólitískar, og því má leiða að því getur að hann hafi viljað skapa aðstæður fyrir endurkjör, þ.á m. fyrir sjálfan sig því þótt hann hafi verið í embætti í þrjú ár var hann fremur vinsæll. Skoðanakönnun sem Cid-Gallup gerði fyrir nokkrum mánuðum fyrir *La Prensa*, dagblað sem er á mótí forsetanum, sýndi að hann var vinsælli en Porfirio Lobo Sosa, frambjóðandinn sem hann sigraði í nóvember 2005.

Ef við höldum áfram að velta fyrir okkur hugmyndinni um endurkjör má minna á hugmyndir „Chavista“, en samkvæmt þeim er ekki hægt að ljúka „byltingu“ á fjórum árum heldur er það „verkefni“ til lengri tíma.“

Ef Ronald Reagan lifnaði við í dag myndi hann sjá við völd tvo höfuðandstæðinga sína frá 9. áratugnum í Mið-Ameríku: Frente Sandinista í Níkaragúa og Frente Farabundo Martí í El Salvador. Auk þess gegndi Hondúras hlutverki herstöðvar og bækistöðvar fyrir Bandaríkin í baráttu þeirra gegn skæruliðum í Níkaragva, El Salvador og Gvatemala; í dag er þar forseti sem hefur tekið prógressívar ákvarðanir og á auk þess í samstarfi og samskiptum við menn eins og Fídel Castro og Hugo Chávez. Slíkt var óhugsandi jafnvel fyrir fimm árum. Hvað er að breytast í Mið-Ameríku?

„Mér sýnist það sama vera að gerast um alla Mið- og Suður-Ameríku (Venesúela, Paragvaí, Argentínu, Chile, Brasilíu, Ekvador, Bolívíu, Níkaragúa, El Salvador og, næstum því, í Mexíkó). Þetta stafar af óánægju með „lýðræðið“. Fólkið er kallað að kjörborðinu á fjögurra eða sex ára fresti en að kosningunum loknum hættir það að skipta máli og þarf að horfa upp á þingmenn, ráðherra, embættismenn og jafnvel sjálfan forsetann keppast við að deila með vinum sínum í viðskiptalífni samningum, trúnaðarupplýsingum og sjóðum almennings. Mótvægið sem fólk hefur fundið sér eru flokkarnir til vinstri, sérstaklega nú þegar til staðar er lagalegur grundvöllur fyrir þessa flokka til að ná völdum og ekki er til staðar áróður eins og á 9. áratugnum þar sem stimplar eins og „sósíalisti“ og „kommúnisti“ jafngiltu því að vera skrattinn sjálfur. Að vísu höfum við áþekkt ástand í dag, með hinum sjálfútnefnda forseta Roberto Micheletti, þar sem þessi hugtök eru notuð eins og þau séu af hinu illa.“

Eru ferskir vindar farnir að blása sunnan úr álfunni, og þá sérstaklega frá Venesúela, Bolívíu, Ekvador og Argentínu, o.s.frv.?

„Já, en mikill meirihluti Hondúrasbúa býr við þann kost að í landinu hefur ríkt fámennisklíka sem hefur gætt þess að veita almenningi ekki of mikla menntun, og því er auðvelt að ráðskast með hann. Afleiðingin er sú að í dag skiptist samfélagið í tvær fylkingar gagnvart valdaráninu og við erum komin aftur til þess tíma þegar það að vera til „vinstri“ jafngilti trúvillu og ekki sést enn til botns: valdaræningjarnir eyðilögðu á einum degi það sem tók 28 ár að byggja upp, viðkvæmt lýðræði sem enn er í mótnun og heldur ekki lífinu með framlagi fárra og fáfræði margra.“

Ef við snúum okkur aftur að valdaráninu, þá kom mér mjög á óvart hve Mel fékk mikinn stuðning á alþjóðavettvangi. Settur forseti, Roberto Micheletti, er í raun algjörlega einangraður. Það er forvitnilegt að þetta gerðist ekki í valdaránunum í Venesúela 2002 eða Haítí árið 2004. Aðferðin var svipuð: forsetinn handtekinn, afsagnarbréf falsað og leppstjórn komið á. Í þessum tveimur tilvikum drógu alþjóðlegir fjölmiðlar og margar ríkisstjórnir dula yfir valdaránsþátt þessara atburða. Hvers vegna fær ríkisstjórn Mel svo mikinn alþjóðlegan stuðning? Ríkir kannski ótti við

Það að ef valdaránsstjórnin heldur velli valdi það nokkurs konar „köldu stríði“ og óstöðugleika á svæðinu sem hafi áhrif á fjárfestingar fyrirtækja úr norðri?“

„Ég hugsa að hluti skýringarinnar séu samvinnutilhneigingar þeirra ríkisstjórna í Suður-Ameríku sem halla sér að einhvers konar sósíalisma, þar sem lítið er svo á að þótt markaðurinn sé mikilvægur sé manneskjan það ekki síður. Auk þess virðist ríkisstjórn Barack Obama sveigjanlegri gagnvart þeim sem hugsa öðruvísi. Það er hugsanlegt að ef George Bush hefði verið við völd hefði hann viðurkennt valdaránsstjórnina. Einnig sýnist mér að aðgerðir hersins, stjórnmalamannanna og atvinnurekendanna í Hondúras hafi verið gerðar án ráðgjafar. Ég á við að sögulega séð, þá hafa valdarán í Suður-Ameríku venjulega verið framin með leyfi eða fyrir tilstuðlan Bandaríkjanna og þannig fær ný ríkisstjórn viðurkenningu. Í þessu tilviki held ég að ekki hafi verið gefið „leyfi“.“

Micheletti, settur forseti eftir valdaránið, er ekki viðurkenndur sem slíkur á alþjóðavettvangi.

Hvernig ástand sérðu fyrir þér í landi þínu á næstu mánuðum?

„Mikla óvissu og óstöðugleika. Ef þessi ríkisstjórn heldur völdum eru margir, bæði innanlands og utan, sem viðurkenna hana ekki og því gætum við einangrast. Ef Zelaya snýr aftur hittir hann fyrir þing, dómskerfi, ríkissaksóknara og her sem eru honum óvinveitt og leyfa honum ekki að stjórna í friði.“

Hvaða hlutverki hafa Bandaríkin gegnt í Hondúras á undanförunum árum og meðan á valdaráninu stóð? Er hægt að sjá einhverja stefnubreytingu eftir að Barack Obama tók við sem forseti?

„Bandaríkin hafa alltaf verið fjárhagslegur bakhjarl Hondúras á allan hátt. Bæði með beinum greiðslum og með því að veita næstum hundrað þúsund Hondúrasbúum atvinnu- og dvalarleyfi þar í landi. Við höfum þó misst landfræðilega sérstöðu okkar á síðasta áratug og frá því Berlínarmúrinn féll og sendiherrar [Bandaríkjanna] láta sér nú nægja að gagnrýna sumar aðgerðir ríkisstjórnarinnar án þess að ganga lengra. Um það leyti sem Zelaya fór að færa sig til vinstri var Hugo Llorens útnefndur sendiherra, embættismaður sem er lítt herskár og hefur látið sér nægja að gefa út „mjúkar“ yfirlýsingar og skiptir sér ekki af atburðarásinni. Ég held að Obama sé fremur umburðarlyndur, en við biðum mikilvægra ákvarðana í næstu viku.“

Hvernig ættu Evrópulönd eins og Spánn og Evrópusambandið sjálf að bregðast við ástandinu í Hondúras?

„Mér virðist Miguel Ángel Moratinos, utanríkisráðherra [Spánnar] hafa brugðist hárrétt við þegar hann lagði til að kalla skyldi evrópska sendiherra heim, sem tók gildi í gær [1. júlí]. Hann hefur verið harðorður og sagt að sett ríkisstjórn ætti ekki að reyna að setja sig í samband við spænsk stjórnvöld því hún fengi ekkert svar. Þannig ætti að meðhöndla þetta mál, að einangra ríkisstjórn sem enginn kaus og enginn vill, fyrir utan nokkra atvinnurekendur og starfsmenn þeirra sem er „boðið“ að taka þátt í aðgerðum og göngum til stuðnings Roberto Micheletti, annars flokks stjórnmalamanns sem náði ekki einu sinni að sigra í prófkjöri í sínum eigin flokki í nóvember síðastliðnum.“

Ef við tölum aðeins um hvernig samfélagið hefur brugðist við þessum viðburðum, þá las ég einhvers staðar að í Hondúras séu engin stór, sterk og reynd félagasamtök. Kemur fólk, og samtök sem það á hlut í, lýðræðinu til varnar? Heldurðu að slíkar aðgerðir sé grunnforsenda þess að stjórnmálaástandið snúi aftur til eðlilegs horfs og að Mel snúi aftur til landsins og í forsetastól, á svipaðan hátt og gerðist árið 2002 í Venesúela þegar þjóðin fór út á götur til varnar Hugo Chávez?

Mótmæli gegn valdaráninu.

„Það er ýmislegt að gerast. Í fyrsta lagi er það rétt að ekki eru til staðar stór og sterk samtök, hér ríkir almennt áhugaleysi. Það eru helst verkalyðsfélögin og leiðtogar kennara sem hafa sýnt Zelaya

stuðning, en þessi samtök hafa verið rægð niður á undanförunum árum og hafa engu að tapa. Einnig bændur. En mörg okkar styðja ekki Micheletti og við studdum ekki Zelaya, en við styðjum lögin og stjórnarskrána og hörmum valdaránið en finnum mótmælum okkar gegn valdaráninu ekki farveg. Herinn stjórnar líka mótmælendum, margir komast ekki til Tegucigalpa því þeir eru stöðvaðir á þjóðveginum. Auk þessu áttu nokkrar mikilvægar sjónvarps- og útvarpsstöðvar og meirihluti dagblaðanna þátt í valdaráninu og neita nú að segja fréttir af mótmælunum gegn nýju ríkisstjórninni og gera meira úr stuðningsaðgerðum við hana en efni standa til. Herinn hefur einnig stjórn á nokkrum sjónvarpsstöðvum og dagblöðum sem áður töldust hliðholl fyrri ríkisstjórn eða hafa reynt að segja frá á hlutlausan hátt.“

Mótmælendur valdaránsins mæta hernum.

Ýmsir miðlar hafa sagt að herinn hafi beitt ofríki. Nöfn eins og Rafael Alegría úr samtökunum Vía Campesina hafa verið nefnd auk meðlima Unificación Democrática. Er þessar fréttir réttar?

„Lögregla og hermenn hafa ráðist á og meitt nokkra mótmælendur sem hafa mótmælt ríkisstjórninni. Aðrir hafa verið handteknir en verið sleppt úr haldi eftir nokkra klukkutíma.

Á hinn bóginn eru þeir sem taka þátt í göngum til stuðnings ríkisstjórninni varðir af lögreglu og her. Við birtum ljósmynd í gær [1. júlí] af einum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar. Þetta var lífvörður sem skaut nokkrum skotum þegar tveir andstæðir hópar rákust saman. Þetta bendir til þess að margir stuðningsmenn stjórnarinnar á götum úti séu hluti af elftunni sem hefur yfirgefið þægindin í stórhúsum sínum til að mótmæla djöflinum Chávez og syni hans, Mel, og taka lífverði sína með, sem auk þess að verja húsbændur sína skapa mikinn usla.“

Annað sem við höfum lesið um er að verið sé að þagga niður í og ógna þeim miðlum sem ekki styðja valdaræningjana. Hafið þið hjá Diario Tiempo lent í slíkum aðstæðum?

„Á valdaránsdaginn, sunnudaginn 28. júní, ók vörubíll fullur af hermönnum stöðugt í kringum húsakynni Diario Tiempo í Tegucigalpa, og í San Pedro Sula fór herdeild að húsakynnum Canal 11, sem er hluti af sama fjölmiðlafyrirtæki, og bað öryggisverðina að hafa dyrnar opnar því þeir ætluðu inn í húsið ef fréttamaður tæki viðtal í síma við Enrique Flores Lanza, einn af ráðherrum Zelaya.

Öryggisverðirnir neituðu og eftir símtöl við yfirmenn og embættismenn ákváðu hermennirnir að fara ekki inn, en héldu sig fyrir utan og munduðu skotvopnin.

Annað sem verið er að skoða er að eintök af dagblaðinu virðast „hverfa“ mjög hratt úr blaðsölugerðum. Ég fékk símtal í dag frá lesanda í Tegucigalpa sem sagði mér að kl. 8 um morguninn hefðu öll eintök verið búin, en við vitum ekki hvort einhver kaupir þau í miklu magni til að þau komi ekki fyrir augu almennings. Það sama er að gerast í San Pedro Sula og öðrum borgum.

Á þriðjudaginn (30. júní) vorum við eina dagblaðið sem setti frétt og stóra ljósmynd á forsíðu um átök hers og mótmælenda í Tegucigalpa. Við höfum haldið áfram að fjalla í dag um mótmælin um allt land en aðrir miðlar stunda sjálfsritskoðun og færa þau rök að þau vilji stuðla að „friði“ og „reglu“.

Suður-Ameríkudeild alþjóðasamtaka starfsfólks í matvælaíðnaði (IUF) gaf frá sér yfirlýsingu til stuðnings Zelaya forseta í nafni 374 samtaka í 120 löndum sem eiga hlut að samtökunum. Hafa önnur samtök og alþjóðlegar vinstrihreyfingar lýst yfir stuðningi við réttkjörinn forseta Hondúras?

„Engin stuðningsyfirlýsing hefur komið frá samtökum í Hondúras, fyrir utan yfirlýsingu frá suður-amerískum verkalyðshreyfingum og samtökum í mótmælagöngu í París sem fram fer í dag [2. júlí]. Helstu viðbrögð hafa komið frá Samtökum Ameríkuríkja, SP og aðildarlöndum.“

Manuel Zelaya 28. júní, í San Jose, Costa Rica, þangað sem hann var fluttur nauðugur, enn á náttfötunum.

Frá höfundi: Til að fylgjast með atburðum í Honduras er hægt að heimsækja vefsíðu [Diario Tiempo](#) og einnig má fara á vefsíðu [Samtaka fólks í matvælaíðnaði](#). Þar má finna viðtöl, greinar, myndskaið, ljósmyndir o.s.frv. sem ítalski blaðamaðurinn Giorgio Trucchi tekur saman en hann fylgist með valdaráninu í Tegucigalpa.

□
Vicent Boix tók viðtalið
Guðmundur Erlingsson þýddi

- **HS**

Takk kærlega fyrir þetta.

- [Héðinn Björnsson](#)

Takk fyrir upplýsingarnar

- [Jón Finnbogason](#)

Glæsilegt, takk fyrir þetta

Skildu eftir skilaboð

Nafn (nauðsyn)

Netfang (falið) (nauðsyn)

Vefur

□